

Góð byrjun hjá Íslandi

Fyrir tuttugu árum, bauð framkvæmdastjórn ESB undir forystu Jacques Delors, Íslandi og öðrum EFTA-löndum að fara „þriðju leið“ milli ESB-aðildar og þess að standa alfarið fyrir utan. Það boð leiddi til myndunar Evrópska efnahagssvæðisins. Finnland og Svíþjóð, lönd djarfra rallýökumanna, skrensuðu fljótt á „þriðju leiðinni“, en tóku svo stefnuna beint í átt að ESB-aðild, fyrst með umsókn og loks aðild árið 1995. Ísland og Noregur ákváðu hins vegar að halda áfram á „þriðju leiðinni“.

Allar götur síðan hefur kastljós stækkunarmála ESB beinst að austur og suðausturhluta Evrópu á meðan kyrrt hefur verið um að litast í norðurhluta álfunnar. Evrópusamband byggt á hugsjónum um frið, velmegun, frelsi og lýðræði, nær nú til 27 ríkja og tæplega 500 milljóna manna. Það er ekki síst á tímum sem nú, í skugga alþjóðlegra efnahagserfiðleika, að mikilvægi þess að vinna saman að lausn hnattrænna vandamála kemur í ljós. Fyrir vikið er ESB sterkari og áhrifameiri gerandi á alþjóðavettvangi, í loftslagsmálum og á sviði orkuöryggis og fjármálaregluverks, svo fátt eitt sé nefnt.

Eftir snarpar umræður ákvað Ísland að sækja um aðild að ESB í júlí á þessu ári. Einn helsti hvati þess var fjármálakreppan sem reið yfir landið. Það minnir nokkuð á aðstæður í Svíþjóð í byrjun 10. áratugarins þegar ákvörðun var tekin að sækja um aðild að ESB.

Þó svo að skuggi óvissu hafi svifið yfir ESB í tengslum við fullgildingu Lissabon-sáttmálans komust aðildarríkin fljótt að samkomulagi um að biðja framkvæmdastjórn ESB að hefja undirbúning álitserðar um umsókn Íslands. Hraðinn og einurðin sem einkenndi ákvarðanatöku aðildarríkjanna sýndi að þau töldu Ísland eiga heima í ESB, ef það svo kysi.

Í byrjun september lagði framkvæmdastjórn ESB spurningalista fyrir íslensk yfirvöld til að meta hversu vel landið væri í stakk búið fyrir aðild. Síðustu svör íslenskra stjórnvalda voru afhent 19. október, heilum mánuði á undan áætlun. Við óskum stjórnvöldum og stjórnsýslu landsins til hamingju með þann árangur. Mat framkvæmdastjórnarinnar er að gæði svaranna séu góð. Það hversu hratt og örugglega spurningunum var svarað segir sína sögu um gæði íslenskrar stjórnsýslu. Það er gott veganesti inn í komandi aðildarviðræður.

Við vitum vel að það er ósk stjórnvalda að álitserðin um umsóknina verði samþykkt sem allra fyrst og að aðildarviðræður hefjist. Hins vegar verðum við að taka mið af aðstæðum sem hvorki við né Ísland höfum stjórn á. Vegna tafa við fullgildingu Lissabon-sáttmálans er réttur núverandi framkvæmdastjórnar til ákvarðanatöku takmarkaður við daglega stjórnun. Hún hefur ekki ekki umboð til að taka mikilvægar ákvarðanir eins og að mæla með að hefja aðildarviðræður við nýtt umsóknarríki. Af þeim ástæðum hefur samþykkt álitserðarinnar verið frestað þangað til ný framkvæmdastjórn tekur við, líklega í byrjun febrúar.

Þó er ljóst að miklu hefur verið áorkað að hálfu allra aðila á undanförunum sex mánuðum. Aðildarríki ESB hafa sýnt vilja til að vinna hratt og náið með Íslandi. Innan framkvæmdastjórnar ESB vinna menn nú hörðum höndum við aðildarumsókn Íslands. Vinnan við spurningalistann í haust bar vott um skilvirkni og gæði í stjórnarsýslu hins aldargamla lýðræðisríkis.

Aðildarríki ESB hafa brugðist jákvætt við umsókn Íslands að ESB. Ályktun ráðherraráðs utanríkismála í sumar, um umsókn Íslands, bar þess glöggt vitni. Í ályktuninni kom fram að Ísland byggir á langri lýðræðishefð, hefur í fjölda ára átt í nánú samstarfi við ESB og hefur alla möguleika á að leggja mikið af mörkum til samstarfsins. Einnig kom í ljós einhugur um að veita Íslandi aðgang að sérstökum aðlögunarsjóði sambandsins sem veitir umsóknarríkjum tæknilega aðstoð. Aðildarríkin eru reiðubúin að taka ákvörðun um að hefja aðildarviðræður um leið og framkvæmdastjórnin hefur skilað álitinu sínu.

Ríkisstjórn og Alþingi Íslendinga hafa lagt fram sannfærandi rök fyrir umsókninni. Það er brýnt að vinnan haldi áfram og að rödd og rökstuðningur Íslendinga fyrir því hvers vegna þeir sækist eftir aðild haldi áfram að heyrast í Evrópu. Að sama skapi er mikilvægt að ESB sé sýnilegt á Íslandi. Það er nauðsynlegt að við aukum á næstu mánuðum gagnkvæm samskipti okkar og að við hlustum vel á þjóðfélagsmæðuna.

Stjórnámálamönnum í Lýðræðisríkjum er skylt að starfa í umboði og með stuðningi ríkisborgaranna. Á sama tíma er nauðsynlegt að leiðtogar séu framsýnir og að þeir hafi dug og þor til að taka erfiðar pólitískar ákvarðanir. Ákvörðun um aðild er aldrei auðveld og hefur oft skipt þjóðum í tvo hópa, með eða á móti. Kosningabaráttan í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Svíþjóð um aðild að ESB var til að mynda áttakamikil. Mjótt var á munum og þó að meirihluti kjósenda hafi í atkvæðagreiðslunni stutt inngöngu Svíþjóðar var stuðningur þeirra við ESB lengi á eftir í algjöru lágmarki. Stuðningurinn í Svíþjóð við ESB mælist hins vegar einn sá mesti í Evrópu í dag, samkvæmt skoðanakönnunum. Það er skoðun okkar að ESB-aðild hafi hjálpað Svíþjóð að komast upp úr þeirri sársaukafullu efnahagslægd sem landið gekk í gegnum í byrjun tíunda áratugarins. ESB-aðildin skapaði aðstæður sem stuðluðu að stöðugleika og trúverðugleika, og juku á bjartsýni.

Okkar reynsla er að Svíum hafi tekist vel að verja hagsmuni sína, einkum mikilvæga þjóðarhagsmuni. Fyrir okkur er það góð vísbending um möguleika smærri ríkja að hafa áhrif á ákvarðanatöku í Brussel.

Það er trú okkar að Íslendingar, á sama hátt og Svíar og fleiri þjóðir sem hafa tekið ákvörðun um að gerast aðilar að ESB, muni í auknum mæli koma auga á þá kosti sem fylgja því að vera aðili að ESB.

Olli Rehn er framkvæmdastjóri stækkunarmála ESB

Carl Bildt er utanríkisráðherra Svíþjóðar